

60. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Öxarfjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 16. janúar 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1995 vera 446.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. janúar 1995.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.